

yfirjettarmálaflutningsmanns Eggert Briem, 10 kr. til hvors. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 61/1893:

Ísleifur Einarsson  
 gegn  
 bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni.

D ó m u r :

Haustið 1892 var uppgjafaprestur Ísleifur Einarsson, sem þá var nýfluttur til Reykjavíkur, settur á skattskrá kaupstaðarins, og voru tekjur hans fyrir árið 1891 taldar 1479 kr. Skattskráin lá til sýnis á venjulegum stað lögboðinn tíma, án þess að síra Ísleifur Einarsson kærði yfir ákvæði skattanefndariannar á tekjum hans. Síðastliðið ár var hann því krafinn um manntalsbókargjöld, það er að segja tekjuskatt að upphæð 4 kr. 50 a., og er hann eigi greiddi gjald þetta, ljét bæjarfógetinn, hinn stefndi, innheimta það með lög-taksgjörð. Fyrir fógetarjettinum mótmælti síra Ísleifur Einarsson gjaldkröfunni, en fógetinn úrskurðaði, að lögtakið skyldi fram fara. Áfrýjandi greiddi þá að vísu skattinn 4 kr. 50 a., og vottagjöld 1 kr., en mótmælti jafnframt lögmæti úrskurðarins, sem upp var kveðinn 10. nóv. f. á., og hefur nú áfrýjað honum til yfirdómsins með stefnu, útgefni 11. des. f. á. Gjörir hann þær rjettarkröfur, að nefndur fógetaúrskurður verði úr gildi felldur, að hann fái tekjuskattinn endurgoldinn, og að hann verði gjörður skattfrí, svo og skaðlaus af þeim tilkostnaði, sem hann hefur haft af málinu. Loks hefur áfrýjandinn krafizt þess, að yfirdómari Jón Jenson

víki sæti úr rjettinum, þar sem hann sitji í skattanefnd Reykjavíkurkaupstaðar. En til þessa þykir eigi vera nægileg ástæða, með því að skattanefndinni hefur eigi verið stefnt í málinu, og hjer verður eigi um það dæmt, *hvernig* hún hafi leyst starf sitt af hendi.

Áfrýjandinn hefur í málinu stefnt bæjarfógetanum í Reykjavík, »sem einnig er formaður skattanefndarinnar samastaðar«, sem dómara í sökinni, en hann hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hann verði sýknaður, fógetarjettarúrskurðurinn staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað.

Þó að áfrýjandi hafi í stefnunni komizt svo að orði, að hann stefni bæjarfógetanum sem dómara í málinu, þá verður það eigi skilið á annan veg, en að hann stefni honum sem fógeta, er upp hefur kveðið hinn umrædda úrskurð, og eptir málsfærslu áfrýjanda og stefnunni, eins og hún er að öðru leyti orðuð, verður einnig að álíta, að hann lögsæki hinn stefnda sem umboðsmann landssjóðsins og innheimtumann að gjöldum hans. Yfirdómurinn álítur því, að málinu sje, eptir atvikum þess, beint gegn rjettum hlutadeiganda.

Þá kemur til álíta, hvort nægileg heimild hafi verið fyrir fógetagjörðinni, en gildi hennar hefur eigi verið mótmælt af formlegum ástæðum. Í þessu efni skal það athugað, að skattanefndin hefur ákveðið tekjuupphæð áfrýjanda samkvæmt fyrirmælunum í lögum um tekjuskatt 14. des. 1877, 13.—15. gr., og er þessi ákvörðun skattanefndarinnar fullnaðarákvæði um tekjurnar, með því að áfrýjandi eigi hefur borið upp kærur fyrir nefndinni út af tekjuákvörðuninni samkvæmt 16. gr. í nýnefndum lögum. Það verður fyrir því eigi

tekið tillit til þess, þótt áfrýjandi nú fyrir dómstólunum vilji færa sönnur á, að hann hafi haft mikið minni tekjur, en skattanefndin ákvað. Skattgjaldskrafa hins stefnda á hendur áfrýjanda var því lögmæt og var rjett að hún væri innheimt með lögtaki. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð, og virðist áfrýjandi eigi geta komizt hjá því, að greiða hinum stefnda hæfilegan málskostnað, er ákveðst 10 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður á að vera óraskaður. Sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Ísleifur Einarsson, hinum stefnda bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni 10 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. marzmánaðar.

Nr. 27 1893:

Rjettvísín

gegn

Tómasi Tómassyni.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 27. septbr. 1892, var hinn ákærði Tómas bóndi Tómassón á Hrutafelli dæmdur samkvæmt 146. gr. almennta hegningarlaga og með hliðsjón til 58. gr. og 24. gr. sömu laga til að sæta fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði, svo og til að greiða allan